

## Tillaga til lagabreytingar sem stjórn Sjálfsbjargar lsh leggur fyrir Landsfund 2018

**Tillagan:** Lagt er til eftirfarandi breytingar á lögum Sjálfsbjargar lsh.

1. Grein 13 c: *Hjúkrun og endurhæfing Sjálfsbjargar: Formann stjórnar, tvo aðalfulltrúa í stjórn og einn varamann skal kjósa til tveggja ára sama árið. Tvo aðalfulltrúa og tvo varamenn skal kjósa til tveggja ára hitt árið.*

Þessi grein fellur út og d. liður verður c. liður.

2. Grein 16.: Nýjum lið er bætt inn í þessa grein sem þá verður h. liður: *Stjórn er jafnframt stjórn hjúkrunar og endurhæfingar Sjálfsbjargar.*

Þeir liðir sem eftir koma fá nýjan bókstaf

Ef breytingarnar eru samþykktar og taka þær strax gildi og dagskrá Landsfundar breytist þá sem því nemur (kosningar).

### Skýring:

Það er afar mikilvægt í þeirri miklu vinnu sem er framundan um uppbyggingu á lóð samtakanna Hátúni 12 sem og allri stefnumótunarvinnu varðandi nýja Landsmiðstöð hreyfihamlaðra að allt ferli ákvarðanatöku sé sem einfaldast. Allt stefnumótunarferli og framtíðarsýn er fyrst og fremst á ábyrgð stjórnar landssambandsins með hagsmuni landssambandsins að leiðarljósi fyrst og fremst og því er nauðsynlegt að öll ákvarðanatöku liggi á hennar herðum. Núverandi stjórn SBH er í dag að mestu skipuð stjórnarfólki Sjálfsbjargar, en heppilegt að um sömu stjórn sé um að ræða, alla vega meðan á þessu uppbyggingarferli stendur. Þess eru mörg dæmi að félagasamtök láti aðalstjórn sína jafnframt vera yfir sínum rekstrarfélögum t.d. er stjórn SÍBS jafnframt stjórn Reykjalandar. Lagt er til að þessi breyting taki gildi á Landsfundinum 2018.

Lagt fram á stjórnarfundi 26.2. 2018 til afgreiðslu.

Tillagan var samþykkt af stjórn og verður þannig lögð fram á Landsfundi 2018.